

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1213
komudagur 8.4.2005



Alþingi
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
150 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 fax: 562 1853
netfang: sjavar@hafro.is
veffang: <http://www.stjr.is/sjr>

Reykjavík, 6. apríl 2005
Tilvísun: SJR2005040001/0015
VE/js

Tillaga til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Sjávarútvegsráðuneytinu barst með bréfi dags. 31. mars til umsagnar tillaga til þingsályktunar (146. mál) um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Sjávarútvegsráðuneytið tekur ekki afstöðu til stofnunar skólans enda reiknar það með því að þar til bærir aðilar fjalli um hvort nægilega gild rök séu fyrir því. Varðandi sérhæfingu hugsanlegs skóla á sviði sjávarútvegs vill ráðuneytið benda á að nauðsynlegt er að gera góða þarfagreiningu á því þar sem væri leitast við að kanna þarfir atvinnuvegarins fyrir þá menntun sem fyrirhugað væri að bjóða fram og hvort hún eigi heima á þessu skólastigi. Ennfremur er nauðsynlegt að kanna hug væntanlegra nemenda til náms af þessu tagi. Almennt séð fagnar ráðuneytið allri viðleitni til þess að bæta menntun, þekkingu og færni þeirra sem starfa við sjávarútveg, og leggur áherslu á að starfsemi á því sviði sé markviss og árangursrík.

F.h.r.